



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2014.

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2014 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 22. apríl 2014 kl. 18.00.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara
- 3) Staðfest lögmæti fundarins
- 4) Kosning kjörbréfanefndar
- 5) Fundargerð síðasta þings
- 6) Afhending viðurkenninga
- 7) Ávörp gesta
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna)
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði
- 12) Fjárhagsáætlun
- 13) Lagabreytingar
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist
- 15) Kosning stjórnar og varamanna
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga
- 17) Val fulltrúa á íþróttaping
- 18) Önnur mál

19) Ávarp formanns

20) Þingslit

- 1) Sigurðurður Valur Sverrisson formaður setti þingið og bauð mætta velkomna.
- 2) Fundarstjóri var kosinn Hafsteinn Pálsson sem sæti á í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Fundarritari var kosinn Pétur Marteinn Tómasson. Hafsteinn tekur til máls og býður alla velkomna.
- 3) Fyrst þarf að staðfesta lögmæti þingsins. Hafsteinn biður um athugasemdir við boðun þingsins. Engar athugasemdir voru gerðar og fundurinn telst því löglegur.
- 4) Næst er kosning kjörbréfanefndar. Ingimar stingur upp á Ástu Urbancic, Guðmundi Stephensen og Magnúsi Bollasyni. Þau eru samþykkt einhljóða. Ásta fjallar um kjörbréf. Gerir bara athugasemd við HSK Dímon. Athugasemd er gerð við að Bjarmi fari með fleiri en eitt atkvæði. Skv. lögum má aðili fara með fleiri en eitt atkvæði ef hann þarf að koma langt að. Aðeins er óskað eftir einu atkvæði svo það þarf ekki að skera úr því. Atkvæði eru 20 talsins. Kjörbréfin eru samþykkt einróma.
- 5) Hafsteinn auglýsir eftir umræðum um fundargerð síðasta þings. Ásta spyr hvort hún hafi verið send út. Ingimar leggur til að senda fundargerðina að nýju að þingi loknu ásamt þessarri fundargerð. Samþykkt.
- 6) Engar viðurkenningar eru afhentar.
- 7) Næst er ávarp gesta. Örn kemur fyrir hönd Íþrótta- og Ólympíusambandsins, hann er endurskoðandi þar. Hann bendir á að fjáraflanir sambandsins mættu vera meiri. Jafnframt minnir hann á Smáþjóðaleikana. Hann óskar eftir því að gestir þingsins styðji verðandi stjórn í að ná til sem flestra sjálfboðaliða og gera leikana sem veglegasta.
- 8) Þá gefur stjórn skýrslu. Sigurður Sverrisson tekur til orðs. Flytur ávarp úr skýrslu BTÍ.
- 9) Næst er grein gerð fyrir reikningum. Sigurður nefnir að Ingimar Ari hafi hætt sem gjaldkeri og Hlökkver ekki tekið við fyrr en eftir áramót. Það sé því eðlilegt að Sigurður fari yfir reikningana sem formaður.
- 10) Þá fara fram umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Gunnar Snorri spyr um mótatekjur. Honum þykja þær óvenju lágar. Spyr hvort það vanti ekki 3-400.000 kr. Hannes ítrekar spurningu Gunnars. Segir það ekki geta staðist að allar tekjur hafi komið inn. Spyr hvort það séu útistandandi kröfur. Einar Geirsson spyr út í tapið sem er um ein milljón. Beinir því til stjórnar að fara varlega í málin. Pétur Stephensen bendir á að Arctic mótið og námskeið spili þar inn í. Sigurður tekur að sér að svara fyrirspurnum. Hann bendir á að í fyrra hafi engar tekjur komið inn vegna deildarkeppni. Nefnir líka að Víkingur hafi ekki greitt þátttökugjöld

fyrir Íslandsmót fullorðinna. Bendir á að ferðir séu dýrar og það sé hægt að fækka þeim. Nefnir að sum sambönd rukki skatt af félögum. Nefnir að BTÍ sé mjög rausnarlegt þegar kemur að landsliðsmálum, borgar 100% af landsliðskostnaði. Hannes segir að þetta hafi ekki svarað spurningunni. Segir að mótshaldari rukki inn mótsgjöld. Ef félög skili ekki pening til BTÍ fellur tapið á BTÍ. Spyr af hverju gjöldin hafi ekki komið inn. Pétur S. nefnir að Víkingur hafi borgað allan kostnað. Pétur segir að hann hafi ekki skilið það svo að þau ættu að borga til BTÍ. Spyr hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir tekjum vegna Arctic. Aldís nefnir að KR hafi skilað öllum tekjum til BTÍ og BTÍ borgað verðlaun. Nefnir að það sé mikilvægt að eitt gangi yfir alla. Hannes segir að það sé ekki það mikil vinna við að halda Íslandsmót. Pétur segir það heilmikla vinnu að halda mót. Segir að það hafi ekki verið samið við Víking um þetta. Hlökkver nefnir að BTÍ hafi borgað öll verðlaun fyrir síðasta Íslandsmót þannig að gjöldin hafi öll verið BTÍ megin en tekjurnar Víkings megin. Sigurður segir að hann hafi fyrir Íslandsmótið 2014 sent út bréf um að öll gjöld og tekjur eigi að vera BTÍ megin. Veltir því upp hvort ekki sé best að mótanefnd og BTÍ sjái alfarið um mótin. Pétur segir að félögin hafi litlar tekjur og haldi íþróttinni uppi. Nefnir að sambandið geti haft tekjur annarstaðar, t.d. í auglýsingum. Einar tekur til máls og er sammála Pétri. Nefnir mikla vinnu bakvið þetta. Segir að hann væri til í tekjur fyrir KR. Segir að það gangi ekki að eitt gangi ekki yfir alla. Sigurður segir að unglingamótin hafi verið rekin á tapi eða á núlli. Sigurður segir að Íslandsmót fullorðinna sé eina mótið sem skilar afgangi. Pétur segir að það sé mikilvægt að eitt gangi yfir alla. Hann segir þó að það sé mikil sjálfboðavinna bakvið mótin og að félögin eigi að njóta þess. Einar segir að þetta séu ekki miklir peningar en þau hafi borgað til BTÍ. Biður bara um samræmi milli félaga. Hannes segir að það sé góð hugmynd að BTÍ haldi mótin. Honum þykir að ef félögin ætli að halda stóru mótin þurfi þau að bera tekjurnar og kostnaðinn, ekki bara tekjur. Hannes segir að það megi alveg hækka keppnisgjöldin. Pétri þykir betra að félögin halda mótin, segir að það hafi ekki gengið. Ingimar segir að þetta hafi verið mikið rætt innan stjórnar og stjórnin sjái fyrir sér að BTÍ sjái um mótin. Full ástæða til að hækka mótagjöld. Okkur vantar tekjur og því eðlilegt að BTÍ sjái um mótin. Pétur er á móti því að hækka gjöldin. Ingimar bendir á gjöldin hafi verið hækkuð núna og ekki leitt til minni þátttöku. Jóhannes spyr út í húsaleigu og skrifstofukostnað. Sigurður svarar að skrifstofukostnaður sé vegna þjónustu frá ÍSÍ, ýmislegt tilfallandi en húsaleigan sé kostnaður við að borga fyrir húsnæðið. Bjarmi veltir upp fjáröflunaraðferðum, hvort það sé ekki hægt að gera eitthvað annað en að hækka mótagjöld. Líney ítrekar að það þurfi að vera samræmi milli félaga. Hún bendir á að sum sambönd séu með nefskatt á iðkendur. Pétur nefnir að það séu félagsgjöld innan félaganna, segist ekki skilja. Leggur til að samþykkt sé að félög og BTÍ skipti til helminga. Þetta verður tekið fyrir á eftir. Ásta bendir á að punktagjald hafi verið til staðar.

11) Reikningar bornir upp og eru samþykktir samhljóða.

12) Fjárhagsáætlun næst á dagskrá. Hlöðver fer yfir hana. Hafsteinn tekur við og bendir á að sársamböndum fer líklega fjölgandi og þá minnka Lottótekjur. Þá hafi 2013 verið mjög gjöfult og ekki hægt að reikna með 2014 sé jafngjöfult, það væri...Lottó. Aldís spyr af hverju ríkisstyrkurinn sé hærri. Það er samkvæmt fjárlögum. Tómas spyr af hverju kostnaður við A landsliðið sé mun dýrari. Hlöðver bendir á að það sé búið að borga HM og Arctic. Erum með tvö lið í staðinn fyrir eitt, erum með kvennalið. Einar spyr um útbreiðslustyrk. Spyr hvort við eigum ekki að nota hann í útbreiðslu, hann er hærri en gjöldum nemum. Hafsteinn bendir á að þetta sé víðara hugtak í tekjuliðnum en útgjaldaliðnum. Guðrún spyr út í landsliðskostnað 2015. Bendir á að Smáþjóðaleikarnir séu hér og því þurfi ekki að fljúga neitt. Guðrún segir að það sé mun hærri kostnaður við A landsliðið en unglinga. Biður um umræður um þetta. Sigurður bendir á að nú þurfi að taka þátt á Evrópumeistaramóti til að taka þátt á HM sem er dýrt. Okkar stefna hefur verið að taka þátt í þessum mótum og Smáþjóðaleikum, sem og Arctic. Hafsteinn nefnir að þetta sé góður tími til að ræða tekjur Íslandsmóta 2015. Pétur spyr um rekstartekjur, aðallega um fjáraflanir. Sigurður segir að það sé engin fjáröflun í gangi. Pétur spyr Líney um styrki ÍSÍ vegna afrekssjóðs. Hún segist vona að þessir styrkir aukist. Segir það m.a. fara eftir gengi sambandsins. Örn svarar að ungir og efnilegir hafi verið óbreytt upphæð, það er aðallega fræðslustarf en ekki landsliðsverkefni. Hann bendir einnig á að afrekssjóður hefur aðallega veitt fjármagn til A landsliða en ekki unglinga. Hafsteinn auglýsir eftir tillögum að breytingum á fjárhagsáætlunum. Hannes nefnir að við mættum vera duglegri við að leita eftir styrkjum. Jóhannes vill taka upp laun dómara. Þetta eru ekki mikil útgjöld. Sigurður vill hafa þátttökugjöld. Ingimar bendir á að það þurfi að vera samstarf um það milli allra félaga. Jóhannes leggur til að það verði bætt við 75.000 í dómaramál 2014 í útgjöld og það bættist þá við tekjur frá félögum. Fjárhagsáætlunin 2014 samþykkt með breytingum samhljóða.

Sömu tillögur eru lagðar til fyrir 2015 nema þá 150.000 þar sem um heilt tímabil er að ræða. Ingimar spyr hvort það sé ekki örugglega liðin sem greiði þetta. Það er samþykkt. Einari þykir sjálfsagt að leikmenn eða félög borgi. Magnúsi F þykir þetta of mikið lagt á einstaklinginn. Pétur nefnir að það kosti mikið að stundi sportið. Einar bendir á að KR borgi þetta en ekki einstaklingur. Aldísi þykir eðlilegt að liðin sem keppt í deildum borgi dómarakostnað en ekki sambandið sem er fyrir öll félög. Pétur S segir að þeir hafi dæmt alla leiki sjálfir í Víking og það hafi gengið vel. Pétur M er alfarið ósammála að það hafi gengið vel. Hlöðver bendir á að það gangi ekki að félögin fái allan hagnað af mótum en ekkert af kostnaði. Það gengur ekki að auka tekjur margfalt en skera niður hagnað frá BTÍ. Borið undir atkvæði. Samþykkt með þorra atkvæða gegn fimm.

Fjárhagsáætlun samþykkt.

13) Lagabreytingartillögur eru næstar á dagskrá. Ný lög liggja fyrir til samþykktar. Ingimar flytur tillögurnar. Nefnir að lögin séu mismunandi, misvísandi og að vinnan sem fólst í því að reyna að samræma lögin væri ómöguleg. Lög sem hafa verið samþykkt á þingum hafa ekki verið samþykkt af ÍSÍ. Helstu breytingar eru að í 3. gr. kveður á um sjálfstæði BTÍ og hlutleysi. Í 4. gr. eru sambönd sem BTÍ er aðili að talin upp. Í 5. gr. er fjallað um þing. Í 2. mgr. 5. gr. er gerð copy/paste villa og lagt til að sú grein varðandi fulltrúafjölda sé óbreytt frá lögunum frá 1998. Lagt til að þingið verði haldið annað hvert ár. Tímarammi til að halda þingið er rýmkaður. Í 10. gr. er fjallað nánar um starfssvið stjórnar sem og heimild stjórnarmanna til setu ýmissa funda. Í 11. gr. er fjallað um formannafundi. Þeir þurfa að vera haldnir hvert ár í kjölfar þings. Í 12. gr. er ítrekað samstarf stjórnar BTÍ og aðildarfélaga. 13. gr. er til þess fallin að einfalda öll kærumál, borðtennishreyfingin er of lítil til að hafa dómstól. Þó þarf að setja ákvæði um aganefnd í reglugerð. Í 16. gr. er tekið á því að 2/3 atkvæða þurfi til að breyta lögunum. Í 17. gr. er reglugerðarheimild stjórnar. Hafsteinn bendir á að varðandi 5. gr. þurfi málsgreinin um að ef langt sé að sækja þingið fái fulltrúi fleiri en eitt atkvæði skuli falla út.

1. gr. samþykkt.

2. gr. samþykkt.

3. gr. samþykkt.

4. gr. samþykkt.

5. gr. Þar þarf að taka afstöðu til þess hvort hver fulltrúi hafi eitt atkvæði. Aldís bendir á að það þurfi að skilgreina hvenær það sé langt og dýrt að fara. Ingimar leggur til að annaðhvort hefurðu umboð eða ekki. Tillaga liggur fyrir um að síðasta línan úr gömlu 5. gr. fari ekki inn í nýju lögin. Textinn úr staflidum a)-d) úr lögum frá 1998 fari inn sem nýja 5. gr. Samþykkt með þessum breytingum.

6. gr. Þarf að ákveða hvað sé langur vegur. Uppi hugmynd um km fjölda eða höfuðborgarsvæðið. Bæta við “Fulltrúum félaga utan höfuðborgarsvæðsins er heimilt að fara með allt að 3 atkvæði enda hafi hann skriflegt umboð til þess undirritað af fulltrúa stjórnar. Umboðið tekur þó aðeins til þess að fara með atkvæði þess félags sem hann er fulltrúi fyrir” Samþykkt einróma með þessari breytingu.

7. gr. Samþykkt.

8. gr. Samþykkt.

9. gr. Samþykkt.

10. gr. Samþykkt.

11. gr. Samþykkt.

12. gr. Ásta bendir á að henni þætti eðlilegt að mótanefnd tæki við skýrslum vegna móta en ekki stjórn. Þingið samþykkir þann skilning að mótanefnd sé nefnd á vegum BTÍ sem stjórnin geti falið það hlutverk.

13. gr. Samþykkt

14. gr. Samþykkt

15. gr. Samþykkt

16. gr. Samþykkt

17. gr. Samþykkt

18. gr. Samþykkt

Lögin í heild með breytingum eru samþykkt einróma.

14) Umræður og afgreiðslu á tillögum sem þinginu hafa borist. Hrafnhildur leggur fram tillögu um breytingu á reglugerð um Íslandsmót öldunga. Lagt til að við reglugerðina bætist

Við 1. gr. Keppnisflokkur og aðgengi undir Íslandsmót öldunga bætist við:

- Einliðaleikir: < Konur, opinn flokkur 40 ára og eldri.
- Tvíliðaleikir: < Konur, opinn flokkur 40 ára og eldri.
- Tvenndarleikir: < 40 ára öldungar og eldri.

Við 3. gr. bætist við á eftir annarri málsgrein bætist við eftirfarandi setning:

Keppni í tvenndarleik á Íslandsmeistarmóti öldunga skal þannig háttað að keppt skal til úrslita í tvenndarleik eftir að úrslitarleiki í einliða- og tvíliðaleik karla og kvenna í flokki öldunga liggja fyrir.

Röksemd með tillögu að ofangreindri breytingu á reglugerð er að þar sem mun færri konur í flokki öldunga skrá sig að öllu jöfnu á Íslandsmeistarmót öldunga, enda færri virkir iðkendur í hópi kvenna 40 ára og eldri, þykir rétt að bæta við einum aldursflokki sem gefur öllum keppendum í einliðaleik kvenna í flokki öldunga og eru eldri en 40 ára tækifæri á að keppa fleiri leiki. Þessi breyting felur ekki í sér breytingu á hefðbundinni og núverandi aldurskiptingu öldunga. Sama röksemdafærsla á við varðandi tvíliðaleik kvenna í flokki öldunga.

Jafnframt er gerð tillaga um að keppni í tvenndarleik öldunga verði heimiluð og þá sé miðað við öldungar geti parað sig saman óháð aldursflokkum. Áhugi öldunga, kvenna sem karla, er á að geta keppt saman í tvenndarleik líkt og í öðrum aldursflokkum í borðtennis og því er þessi tillaga lögð fram. Sömu rök og koma fram hér að ofan gilda um að heimilað skuli að unnt sé að para saman öldungum frá 40 ára aldri og upp úr þ.e. að fjöldi kvenþátttakenda á Íslandsmóti öldunga eru mun færri en fjöldi karlþátttakanda og þannig aukast líkur á fleiri þörum í tvenndarkeppni.

Einnig er bent á að í keppnisreglum BTÍ 14. gr. er tilgreint sérstaklega: „að enginn geti keppt í lægri aldursflokki en hann sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla og kvennaflokki.

Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokki öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokki.“

Þetta ákvæði 14. gr. í keppnisreglum BTÍ styður við þá breytingu sem lögð er til hér að ofan á reglugerð BTÍ um Íslandsmót.

Rök fyrir því að lagt er til, að öfugt við Íslandsmót annarra aldursflokka, að keppni í Íslandsmóti öldunga skuli úrslit í einliða og tvíliðaleik fyrst liggja fyrir áður en keppt sé í tvenndarleik öldunga eru þau að um nýbreytni er að ræða sem lítil reynsla er komin á og jafnframt að ganga má út frá að fyrst um sinn verði færri leikir í tvenndarkeppni öldunga en í hinum flokkunum. Þetta fyrirkomulag er lagt til til að raska sem minnst hefðbundnu skiplagi á Íslandsmeistarmóti öldunga.

Ásta bendir á að þetta sé ekki nýjasta reglugerðin þó þetta sé á vef BTÍ. Hún er ekki sammála að bæta við flokki 40 ára og eldri við 40-50 ára og brjóta þá reglu að spila bara í einum aldursflokki en styður þá reglu að bæta við tvenndarleik. Ásta segir að þetta eigi að vera eins í karla- og kvennaflokki. Gunnar Snorri stingur upp á því að flokkar sameinist ef fáir keppa. Einar segir að það sé eðlilegt að það sama gildi um karla og konur. Styrmir bendir á að það séu mun fleiri karlar en konur sem keppa og að skiptingin sé í samræmi við það. Pétur leggur til að bæta bara við tvenndarkeppni. Hrafnhildur leggur til að samþykkja þetta og ef það reynist illa þá er hægt að breyta. Hrafnhildur bendir á að ef lög eru ekki birt séu þau ekki gild. Bjarni nefnir fjáraflanir og í því sambandi að HK sé með blakmót hjá HK hjá gömlu fólki. Leggur til að BTÍ beiti sér fyrir því sama. Aldís stingur upp á að sameina flokka ef fáir keppendur eru en veitt verðlaun í hverjum flokki. Annars leggur hún til að þetta sé til reynslu í 1-2 ár. Magnús leggur til að þetta sé samþykkt þar sem þetta rúmist innan keppnishalds meðan það eru svona fáir kvenkyns keppendur. Sigurður styður tillöguna. Styrmir er ekki hrifinn af því að fá verðlaun án keppni. Ingimari finnst þetta frábær tillaga. Örn bendir á að það sé mismunandi aldur í golfi. Ásta segir að þetta sé góð tillaga hjá Aldísi um að veita verðlaun fyrir hvern flokk. Aldís bendir á að þessi flokkur sé til viðbótar en þurrki hina flokkana ekki út. Tómasi finnst sjálfsagt að veita titil fyrir hver sé bestur í hverjum flokki óháð keppendafjölda. Guðrúnu finnst þetta mjög góð hugmynd og ýti undir góða keppni. Leggur til að fella niður einstaka tvíliðaleiksflokka. Hrafnhildur segir að það sé hægt að leggja þessa reglu niður ef þörf er á. Hafsteinn leggur til að að vísa því til stjórnar og formannafundar hvort tvíliðaleikurinn verði inni eða ekki og samþykkja einliðaleikinn. Samþykkt samhljóða.

Gunnar Snorri flytur næst tillögu um Grand Prix mót. Breytingin felst í að bæta við 1. gr. reglugerðarinnar:

Í næstu umferð leika svo sigurvegarar hjá nr. 1 og nr. 8 gegn sigurvegara nr. 4 og nr. 5 og sigurvegarar hjá nr. 3 og nr. 6 gegn sigurvegara nr. 2 og nr. 7. Mæti einhver boðaðra leikmanna ekki til leiks dettur hann úr töflu og leikmenn fyrir neðan hliðrast upp um sæti. Þá mega næstu leikmenn í röðinni sem ekki komust inn skipa næstu sæti ef þeir eru á svæðinu tilbúnir til leiks og skal hlutkesti ákvarða röðina.

Samþykkt einróma.

Um unglíngamótaröðina bætist við 1. gr.: Í næstu umferð leika svo sigurvegarar hjá nr. 1 og nr. 8 gegn sigurvegaram nr. 4 og nr. 5 og sigurvegarar hjá nr. 3 og nr. 6 gegn sigurvegaram nr. 2 og nr. 7. Mæti einhver boðaðra leikmanna ekki til leiks dettur hann úr töflu og leikmenn fyrir neðan hliðrast upp um sæti. Þá mega næstu leikmenn í röðinni sem ekki komust inn skipa neðstu sæti ef þeir eru á svæðinu tilbúnir til leiks og skal hlutkesti ákvarða röðina.

Samþykkt einróma.

Næst ræðir Gunnar breytingartillögu um deildarkeppni BTÍ. Þessu var vísað til stjórnar. Tillagan felst í að breyta fyrirkomulaginu í samræmi við fyrirkomulagið í Svíþjóð. Magnúsi F. finnst of mikið að spila tvo leiki á dag. Einar og Pétur S. eru sammála um að þetta sé varhugavert og sé afturför. Einar hefur efasemdir þar sem núverandi form heldur leikmönnum við. Gunnar bendir á að það séu tvö borð á leik þannig þetta myndi ekki taka lengri tíma. Guðrún bendir á að ekki allir geti mætt um helgar vegna vinnu. Breki spyr um tímarammann. Hversu langan tíma þetta myndi taka og hvernig fyrirkomulagið yrði. Gunnar segir að þegar hann var úti hafi verið gert ráð fyrir þrjá tíma á leik. Finnur segir að leikir séu langir og þess vegna nenni fólk ekki að horfa. Samþykkt að vísa til stjórnar samhljóða.

Seinna hluti tillögunnar gengur út á að 5. sæti í 1. deild karla keppi við 2., 3. og 4. sæti úr 2. deild keppi um sæti í 1. deild. Pétur finnst þetta ekki góð hugmynd. Tómas er mjög hrifinn af þessari tillögu. Stuðlar að sterkustu 1. deildinni. Einar styður þetta. Gerir þetta meira spennandi. Pétur M. styður þetta, heldur deildinni sterkri. Ingimar styður þetta, hvetur 2. sæti til að æfa. Samþykkt samhljóða að 5. sæti og 2. sæti keppa, óþarfi á 3. og 4. sæti.

Næst ræðir Gunnar landsbyggðina. Vill bæta við deild fyrir norðan og sunnan til að auðvelda landsbyggðinni að vera með. Landsbyggðin gæti þá verið með 2 riðla í 2. deild. T.d. einn gæti farið upp úr þeim riðlum og spilað í úrslitakeppni með höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt samhljóða að vísa þessu til stjórnar.

15) Næst fer fram kosning stjórnar og varamanna. Kosið er til tveggja ára. Tilnefndir eru til formanns: Sigurður Valur Sverrisson. Kosinn samhljóða.

Í aðalstjórn eru tilnefndir Hlöðver Steini Hlöðversson, Ingimar Ingimarsson, Matthías Stephensen og Halldór Haralz. Einróma samþykkt.

Í varastjórn eru í kjöri Tómas Ingi Shelton, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir og Styrmir Stefniðsson. Einróma samþykkt.

16) Skoðunarmenn reikninga eru einróma kosnir Örn Andrésson og Árni Siemsen.

17) Val fulltrúa á íþróttahing er vísað til stjórnar.

18) Önnur mál. Hrafnhildur leggur til að skoða reglugerðir, allir sammála um það.

Guðrún nefnir lokamót Grand Prix. Henni þykir ekki nógu spennandi að allir komast á lokamót Grand Prix. Hún leggur til að það verði bara fjórir á lokamóti Grand Prix í kvennaflokki. Magnús spyr hvernig samþykki ÍSÍ á lögunum sé háttað, hvort lögin þurfi að

samþykkja aftur ef ÍSÍ gerir athugasemd. Hafsteinn segir að lögin taki gildi við staðfestingu ÍSÍ, ekki fyrr. Jóhannes hvetur nýkjörna stjórn til að virkja aganefnd. Einar þakkar mér (Péttri Marteini) fyrir vel unnin störf, sem og fráfarandi stjórn. Hvetur nýja stjórn til að fá fleiri erlenda þjálfara og halda fleiri námskeið. Aldís minnir á Smáþjóðaleikana og hvetur félögin til að hvetja sína félagsmenn til að aðstoða við framkvæmd mótsins. Gunnar Snorri þakkar fráfarandi stjórn. Hvetur alla til að halda áfram að vinna að borðtennisstarfinu.

20) Ávarp formanns. Sigurður Sverrisson ávarpar þingið.

21) Hafsteinn sleit þinginu með góðum orðum.